

# Fréttapistill frá forseta Íslands

15. mars 2021

Við höfum heldur betur fundið fyrir skjálftunum hér á Bessastöðum. Að sjálfsögðu verðum við þó ekki vör við þá í sama mæli og Grindvíkingar í næsta nágreppi við upptökin. Ég hugsa áfram áfram hlýtt til þeirra sem þurfa að þola ónæði og ugg vegna þessara jarðhræringa, og í ofanálag nokkrar skemmdir eftir harðasta skjálftann í gær.

Þær gleðifréttir bárust í gær að Hildur Guðnadóttir hefði hlotið Grammy-verðlaunin fyrir tónlist sína í kvikmyndinni Joker. Sú vegsemd bætist við fyrri viðurkenningar fyrir þær tónsmíðar, Bafta, Golden Globe og Óskarsverðlaun. Ég óska Hildi hjartanlega til hamingju með þennan heiður allan saman.

Í nýliðinni viku var fyrsti opinberi viðburðurinn, sem ég sótti, á heimaslóð. Sunnudaginn 7. mars var sr. Hans Guðberg Alfreðsson, prestur Bessastaðasóknar, settur í embætti prófests í Kjalarnessprófestsdæmi. Ég óska honum allra heilla á þeim vettvangi. Gjóla var á Álftanesi þennan dag en sól skein í heiði og gaman var að sjá hversu margt fólk lagði leið sína hingað suður eftir, fékk sér góðan göngutúr, skokkaði eða hjólaði um nesið.

Síðastliðinn mánudagur var árlegur alþjóðabaráttudagur kvenna. Hans var meðal annars minnst með þeim hætti að Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hringdi bjöllunni í Kauphöll Íslands við opnun markaða. Viðburðurinn var haldinn af UN Women á Íslandi í samstarfi við kauphöllina, Félag kvenna í atvinnulífinu og Samtök atvinnulífsins. Kauphallarbjöllum í 90 löndum var hringt af þessu tilefni til áminningar um það sameiginlega verkefni okkar allra að vinna að jafnrétti kynjanna. Eliza var viðstödd þennan ágæta viðburð. Fregnir af verkefnum hennar, sem tengjast embætti forseta Íslands beint og óbeint, má sjá á heimasíðu embættisins og síðu hennar, [Eliza Reid](#).

Á fimmtudaginn var átti ég fund með Ólafi Hrafn Steinarssyni, formanni Rafiþróttasamtaka Íslands. Við ræddum væntanlegt risamót Riot Games í Laugardalshöll í Reykjavík þar sem færustu tölvuleikmenn heims munu takast á í ýmsum leikjum og verður fylgst með viðureignum þeirra um víða veröld. Þannig má gera ráð fyrir að um 150 milljónir manna eða fleiri muni horfa á úrslitaleiki. Ég lýsti ánægju með að tekist hefði að fá stóran viðburð af þessu tagi hingað til lands. Um leið lýsti ég undrun og vonbrigðum með að keppnin þurfi að setja strik í reikninginn hjá afreksfólki og öðrum sem stunda frjálsar íþróttir þótt vonast megi til að þolanlega lausn sé hægt að finna á þeim vanda.

Við Ólafur Hrafn ræddum jafnframt um gildi skipulagðra rafiþróttar í tómskundastarfi ungmenna. Ef vel er á málum haldið geta þær eftt sjálfstraust, sjálfsvirðingu og samskiptahæfni. Einnig ræddum við önnur álitamál sem lúta að tölvuleikjum, ekki síst hið fornkveðna að allt er gott í hófi.

Þennan sama fimmtudag flutti ég opnunarávarp á viðburði í Iðnó í Reykjavík. Haraldur Þorleifsson, frumkvöðull og hugmyndasmiður, á allan heiður af merku

framtaki, Römpum upp Reykjavík. Það var kynnt í Iðnó og er stefnt að því að setja upp rampa þar sem þarf í miðbænum þannig að hreyfihamlað fólk komist leiðar sinnar. Verkefnið er unnið í samvinnu við ríki, Reykjavíkurborg, ýmis félagasamtök og fyrirtæki. Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu þess: [www.rampur.is](http://www.rampur.is).

Nú er ný vika hafin. Vel hefur gengið að halda veirusmitum í lágmarki. Bólusetningar halda áfram. Fyrir um ári tóku ný eða lítt notuð orð að festast í vitund okkar; kóf, samkomubann og smitrakning, grímuskylda, tveggja metra regla og þríeyki. Um þessar mundir bætast önnur orð við; óróapúls og kvikugangur svo að dæmi séu tekin. „Ég skildi að orð er á Íslandi til, um allt sem er hugsað á jörðu.“ Þannig orti Einar Benediktsson á sínum tíma, nokkru áður en hann settist að í Herdísarvík (nærri upptökum skjálftanna nú) og eyddi þar sínum síðustu æviárum.

Ég ítreka góðar óskir og kveðjur til Grindvíkinga, Vogabúa og annarra á Suðurnesjum sem finna mest fyrir skjálftunum sem nú dýnja yfir. Einnig óska ég ykkur öllum velfarnaðar.